

Umræður í hópi stjórnenda á vinnustofu í Smáraskóla 13. apríl 2015

Lagt var upp með að umræðurnar ættu að snúast um spurninguna „Hvað veldur því að íslenskir nemendur ná ekki fleiri inn í efsta flokk í PISA?“

Í framhaldi af því sem fram kom í fyrirlestri Almars var þráðurinn tekinn upp varðandi félagslega stöðu fjölskyldunnar, menntunarstig til dæmis. Sú staða getur haft hamlandi áhrif á námsframmistöðu barna vegna þess að neikvæð afstaða til náms og gildis menntunar er neikvæð innan fjölskyldunnar. Nefnt var dæmi um það að í Skólapúlsinum féll saman neikvæð afstaða barnanna til eigin getu og væntingar foreldranna til frammistöðu barnanna í skóla.

Einn af þeim stjórnendum sem tók til máls, vék einnig að því hvernig félagsleg staða hefur áhrif á nám barnanna og lét í ljós þá skoðun að nauðsynlegt væri að eyða þeim áhrifum. Efnahagur fjölskyldunnar var ekki talinn vera áhrifaþáttur þegar meta á hvaða ytri aðstæðu hafi áhrif á frammistöðu barna í námi. Viðhorf til náms sem hefur áhrif. Um leið og hægt er að breyta viðhorfi barna og foreldra til náms og til skóla, þá breytist staðan kannski.

Í einum skóla sem dæmi var tekið af, sjá börnin ekki alltaf tilgang með náminu. Ef ekki sést tilgangur með náminu og viðhorfið á heimilinu er ekki því jákvæðara, þá verður róðurinn þyngri. Nemendur þurfa að upplifa markmið og tilgang með námi sínu. Nemendur spyrja sig gjarnan hvað þeir græði á því að standa sig vel í grunnskóla og leggja út í langskólanám.

„Ég held að sé þínu þreyta líka í gangi“

„Hvar eru raddir nemenda? Erum við að leyfa þeim að taka þátt í því að breyta?“

„Megum ekki horfa of mikið á þennan viðhorfa þátt einan og sér“

„Ég held að við eigum að skoða svolítið kennsluna hjá okkur menntun kennara, til dæmis náttúrfraeðina“.

Menntun kennara og viðhorf: Bryddað er upp á því að illa undirbúnir kennarar, til dæmis í náttúrufræði, séu líklegir til að brjóta niður álit barnanna þannig að þeim þyki greinin lítils virði, óspennandi.

Rætt um að lítið rými hafi verið í viðmiðunarstundaskrá. Náttúruvísindi hafa ekki verið aðalmálið. PISA kemur svo til sögunnar og í ljós kemur hver lítill áhersla hefur verið lögð á náttúrfraeðina. PISA kemur á fullum þunga og tekur stöðuna í greinum sem ekki hafa fengið eins mikið rými í viðmiðunarstundaskrá í íslenskum grunnskólum og stærðfræði og læsi.

Nefnt að mæling í Reykjavík sýni styrk í erfiðum verkefnum. Náttúrufræðin? Góð í erfiðum verkefnum þar líka?

Teymiskennsla í fögum þvert á árganga hefur skilað góðum árangri nú þegar í Öldutúnsskóla. Náttúrufræði og læsi eru þau svið sem teymiskennsla hefur gefið góða raun.

Talið að skólarnir búi við jákvætt samfélag í Garðabæ. Virðing fyrir skólastarfi? Nemendur góða trú á eigin námsgetu. Vel yfir námsmeðaltali. Hafa tröllatru á sér sem námsmönnum.